



Árnesi 5. mars 2024

Málsnúmer: M202305-0041

Orkustofnun
Grensásvegi 9
108 Reykjavík
(sent með tölvupósti á netfangið os@os.is)

Umsögn um umsókn Landsvirkjunar um virkjunarleyfi Búrfellslundar í Rangárþingi Ytra

Búrfellslundur kom inn í 3. áfanga rammaáætlunar og hefur því verið í vinnslu í 10 ár. Búrfellslundur var hannaður sem virkjunarkostur í tveimur sveitarfélögum þ.e. Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Rangárþingi Ytra. Áform um byggingu Búrfellslundar og staðsetning hans byggðu á þeirri forsendu að hann væri nálægt núverandi raforkuinnviðum sem gerðu hann að hagkvæmum virkjanakosti. Hagkvæmt væri að tengja hann inná núverandi innviði raforkukerfisins sem eru að megninu til í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Fyrirliggjandi umhverfismat vegna framkvæmdarinnar fjallar um þá framkvæmd þ.e. að byggja Búrfellslund í báðum sveitarfélögum.

- **Búrfellslundur er í biðflokki, óheimilt að veita virkjunarleyfi**

Búrfellslundur var settur í nýtingarflokk í rammaáætlun (áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða nr. 24/152) þann 15. júní 2022. Samkvæmt 4. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 er heimilt að veita leyfi tengt orkuvinnslu vegna virkjunarkosta sem eru í orkunýtingarflokki. Samkvæmt 7. gr. laganna er verndar- og orkunýtingaráætlunin bindandi við gerð skipulagsáætlana.

Samkvæmt 7. gr. laganna er sveitarstjórnnum heimilt að fresta ákvörðun um landnotkun samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun í allt að tíu ár og skal tilkynna slíka ákvörðun til Skipulagsstofnunar innan árs frá samþykkt verndar- og orkunýtingaráætlunar. Á meðan sá frestur stendur skal fara með þann virkjunarkost eins og virkjunarkost í biðflokki. Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 48/2011 er stjórnvöldum ekki heimilt að veita leyfi tengd orkuvinnslu vegna virkjunarkosta sem eru í biðflokki.

Þann 8. júní 2023 sendi sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps erindi til skipulagsstofnunar og lýsti yfir frestun á ákvörðun um landnotkun vegna fyrirhugaðs Búrfellslundar í samræmi við 7. gr. laga nr. 48/2011.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps lítur svo á að virkjunarkosturinn Búrfellslundur, sem afgreiddur var í orkunýtingarflokk í rammaáætlun (áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða nr. 24/152) þann 15. júní 2022, sé Búrfellslundur sem gert var ráð fyrir að reistur yrði í báðum sveitarfélögum. Stjórnvöldum sé því hvorki heilmilt að breyta skipulagi né veita nein leyfi tengd orkuvinnslu vegna Búrfellslundar á meðan frestun sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps varir.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur telur engu breyta um framangreint þó virkjunarkosturinn hafi verið hannaður með þeim hætti að nú sé gert ráð fyrir að allar myllurnar verði staðsettar innan



Rangárþings Ytra eða framkvæmdin minnkuð eitthvað. Umhverfis og grenndaráhrif framkvæmdarinnar séu með þeim hætti að hún hafi veruleg umhverfisáhrif og áhrif á landnotkun innan Skeiða- og Gnúpverjahrepps og framkvæmdin hefði haft ef vindmyllurnar sjálfar yrðu staðsettar innan Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Það á alls ekki bara við um þau svæði sem næst liggja myllunum enda verða sjónræn áhrif framkvæmdarinnar mjög veruleg og þar með á landnotkun og rekstur innan Skeiða- og Gnúpverjahrepps þ.m.t. á aðdráttarafl sveitafélagsins fyrir ferðamenn og þá gríðarlegu uppbyggingu sem hafin er innan Skeiða- og Gnúpverjahrepps á svið ferðaþjónustu. Í raun má segja að öll þau verulegu áhrif sem getið er í matsskýrslu framkvæmdaraðila og álit Skipulagsstofnunar vegna Búrfellslundar frá 2016 séu enn til staðar þrátt fyrir að vindmyllurnar verði staðsettar inna Rangárþings Ytra, sjá meðfylgjandi samantekt.

- **Umhverfis mat vegna „Nýs“ Búrfellslundur liggir ekki fyrir, óheimilt að veita virkjunarleyfi**

Verði komist að þeirri niðurstöðu, þrátt fyrir framangreint, að umsótt virkjanaleyfi sé í samræmi við Búrfellslund sem settur var í nýtingarflokk í rammaáætlun (áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða nr. 24/152) þann 15. júní 2023, telur Skeiða- og Gnúpverjahreppur að hinn nýja framkvæmd sé önnur framkvæmd en sú sem umhverfisáhrif voru metin vegna á sínum tíma. Ekki liggja því fyrir mat á umhverfisáhrifum vegna „Nýs“ Búrfellslundar. Skyld sé að ráðast í nýtt umhverfismat vegna hinnar breyttu framkvæmdar. Óheimilt sé, á meðan nýtt umhverfismat hefur ekki verið unnið, að veita nokkur leyfi vegna framkvæmdarinnar.

Því til viðbótar skal framkvæmdaraðili eða leyfisveitandi, samkvæmt 28. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sem hefur mótttekið umsókn um leyfi til framkvæmda, telji hann að forsendur umhverfismatskýrslu hafi breyst verulega frá því að álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdar lá fyrir, óska álits Skipulagsstofnunar á því hvort endurskoða þurfi umhverfismat framkvæmdarinnar að hluta eða í heild. Auk þess sem framkvæmdaáformin hafa breyst telur Skeiða- og Gnúpverjahreppur að lágmarki beri að óska eftir slíku álit Skipulagsstofnunar áður en leyfi verða veitt. Framkvæmdin hafi ekki bara breyst heldur forsendur fyrir henni s.s. m.t.t. fjölda ferðamanna og nýtingar lands vegna ferðaþjónustu o.fl.

Með vísan til framangreinds mótmælir Skeiða- og Gnúpverjahreppur að Landsvirkjun verði veitt virkjanaleyfi í samræmi við umsókn félagsins.

F.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps,
Haraldur Þór Jónsson,
Oddviti og sveitarstjóri.

Meðfylgjandi: Minnisblað um Búrfellslund og álit Skipulagsstofnunar
Afrit sent til: Skipulagsstofnunar

Undirritunarsíða

Haraldur Þór Jónsson